

Eiríkur Rögnvaldsson:

## Kristnihald í Hálsaskógi

Það er talsvert tíðkað í bókmenntafræði þessi árin að skoða tengsl fornsagna og nútímabókmennta, og í tilefni af þúsund ára afmæli kristni á Íslandi er ekki úr vegi að athuga þau áhrif sem frásagnir fornrita af kristnitökunni hafa haft á rit frá síðustu áratugum. Þar má vissulega tína ýmislegt til, en þó held ég að fræðimönnum hafi fram til þessa sést yfir það rit þar sem þessi áhrif eru skýrust og ótvíræðust. Þeim er vissulega nokkur vorkunn, þótt hér sé um að ræða bókmenntaverk sem svipar að mörgu til eddukvæða; er norskt að uppruna, en löngu orðið órjúfanlegur hluti af íslenskri menningu og þjóðarsál. Þetta eru *Dýrin í Hálsaskógi* eftir Thorbjörn Egner.

*Dýrin í Hálsaskógi* voru reyndar fyrsta leikritið sem ég sá fært upp — hjá brúðuleikhúsi Jóns E. Guðmundssonar í félagsheimilinu Héðinsminni á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð snemma á sjöunda áratug aldarinnar sem leið. Síðan hefur mér þótt það merkast allra leikverka, enda hef ég hlustað á það margfalt oft en tölu verði á komið. Það var þó ekki fyrr en nýlega sem ég áttaði mig á því hvers vegna það hafði svona mikil áhrif á mig, eins og á flestalla Íslendinga sem fæddir eru á seinni hluta síðustu aldar. Það eru líkindin milli frásagna fornrita af fundi Alþingis árið 1000 og lýsingar Egners á allsherjarfundi dýranna í Hálsaskógi sem snerta einhvern streng í brjósti landsmanna. Þessi tengsl eru flestum ómeðvituð, en um leið og búið er að benda á þau leyna þau sér ekki. Sameiginlegur kjarni beggja frásagna er nefnilega þessi:

### Almennur fundur samþykkir lög sem fela í sér siðbót.

Í báðum sögum gerist þetta fyrir tilstilli sterkra leiðtoga sem að óreyndu hefði mátt ætla að héldu fram hinum forna sið, en gerast þess í stað forvígismenn siðbótarinnar til að halda friðinn. Til hægðarauka hef ég sett helstu sannindamerkin hér upp í töflu:

Alþingi árið 1000	Hálsaskógur
<i>Hjalti Skeggjason:</i> ergir heiðna með kveðskap sínum	<i>Lilli klifurmús:</i> ergir Mikka ref með kveðskap sínum
<i>Þorgeir Ljósvetningagoði:</i> heiðinn, en samt góður	<i>Bangsapabbi:</i> rándýr, en samt góður
<i>Hallur á Síðu:</i> felur heiðnum manni (Þorgeiri) að segja upp lög	<i>Marteinn skógarmús:</i> fær rándýr (Bangsapabba) í lið með sér við að segja upp lög
<i>Þorgeir Ljósvetningagoði:</i> leggst undir feld	<i>Bangsapabbi:</i> er í feldi
<i>Forsenda siðbótar:</i> „höfum allir ein lög og einn sið“	<i>Forsenda siðbótar:</i> „Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir“
<i>Siðbótin:</i> „allir menn skyldu kristnir vera og skírn taka“	<i>Siðbótin:</i> „Ekkert dýr má éta annað dýr“
<i>Heimilað:</i> að blóta á laun	<i>Heimilað:</i> að sækja svínslæri út fyrir skóginn

Ekki ætti að þurfa að fara fleiri orðum um það hversu greinileg rittengsl eru hér á milli. Einkum eru líkindin milli þeirra Þorgeirs Ljósvetningagoða og Bangsapabba sláandi, og sýnist mér að feldurinn sé það sem gerir útslagið og veldur því að kenning mín verður ekki dregin í efa.

## Ritaskrá

- Ari Þorgilsson hinn fróði. 1988. Íslendingabók. *Sturlunga saga. Skýringar og fræði*, bls. 3-13. Ritstjóri Örnólfur Thorsson; ritstjórn Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir, Jón Torfason, Sverrir Tómasson, Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Egner, Thorbjörn. 1992. *Lilli klifurmús og hin dýrin í Hálsaskógi*. 2. útg. Þýðendur Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk. Örn og Örlygur, Reykjavík.